

Selfossi, 26. janúar 2021

Starfsdagur og foreldradagur 4. og 5. febrúar 2021

Kæru foreldrar og forráðamenn

Fimmtudagurinn 4. febrúar og föstudagurinn 5. febrúar eru starfsdagur og foreldradagur í Sunnulækjarskóla. Foreldraviðtölin eru tileinkuð, námslegri stöðu, sjálfsmati gagnvart námi og líðan nemenda. Farið er yfir stöðu námsárangurs nemenda við annaskilin.

Efni viðtalanna:

- Námsleg staða, hvernig gengur að tileinka sér markmiðin í öllum námsgreinum, lestrarstaða, heimanám, næstu markmið sem einblínt verður á.
- Styrkleikar nemandans, hverjir eru þeir og hvernig nýtast þeir í náminu.
- Líðan nemandans og félagsleg staða, farið yfir það helsta sem kemur fram í sjálfsmati nemandans.

Vegna smitvarna munum við fara sömu leið og síðast og því fara viðtölin fram rafrænt í gegnum forritið Teams. Hægt verður að nota tölvu, spjaldtölvu eða síma. Ekki er nauðsynlegt að hlaða niður forritinu til að tengjast fundinum.

Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um hvernig á að tengjast fundinum. Mikilvægt er að vera búin að kynna sér það áður en viðtalstíminn hefst.

Foreldrar þurfa engu að síður að skrá sig í viðtalstíma vegna barna sinna hjá viðkomandi umsjónarkennara í gegnum Mentor. Opnað verður fyrir skráningu föstudaginn 29. janúar og lokað fyrir skráningu miðvikudaginn 3. febrúar. Leiðbeiningar um skráningu í foreldraviðtöl á Mentor má finna: <https://www.youtube.com/watch?v=mEFYnJhJAsM>

Þegar foreldrar/forráðamenn hafa skráð sig í viðtal þá fá þeir sendan tölvupóst með slóð á Teams fund. Líkt og tíðkast í foreldraviðtölum þá eru nemendur með foreldrum sínum í viðtalinu.

Á starfsdegi og foreldradegi er ekki skólastarf í skólanum en frístundin Hólar er opin þá daga. Skrá þarf sérstaklega vistun þessa daga.

Kennarar í Sunnulækjarskóla hafa verið að skrá inn námsmat nemenda inn í Mentor og hvetjum við foreldra að fylgjast reglulega með nýjum skráningum.

Leiðbeiningar fyrir foreldra hvernig skoða má námsmatið í Mentor má finna á:

<https://www.youtube.com/watch?v=cKCW5q-QZ8>

<https://www.youtube.com/watch?v=u2aLlf-l3HM>

Bestu kveðjur,
stjórnendur Sunnulækjarskóla